

Þjóðvegurinn á Norðurlandi vestra:

65% með bundnu slitlagi eftir sumarið

ALLS verða 115 kílómetrar Norðurlandsvegur, þar sem hann liggur um Húnavatnssýslur og Skagafjörð, með bundnu slitlagi eftir sumarið skv. upplýsingum Jónasar Snæbjörnssonar, umdæmisverkfræðings Vegagerðar ríkisins á Sauðárkróki. Norðurlandsvegurinn í umdæminu er alls 177 km langur. Bundið slitlag verður því á 65% vegarins.

Um síðustu áramót hafði bundið slitlag verið lagt á alls 93 km en fyrirhugað að er leggja 22,5 km í sumar. Í V-Húnavatnssýslu á að leggja 12,8 km slitlag á Norðurlandsveginn og að því loknu verða

39,5 km með bundið slitlag. Er það 63% lengdar Norðurlandsvegarsins í sýslunni. Í A-Húnavatnssýslu á að leggja 9,7 km en fyrir eru 38,8 km með bundnu slitlagi. Eftir sumarið verða 77% þjóðvegarsins í sýslunni með varanlegu slitlagi. Í Skagafirði hafa aðeins 7,3 km verið lagðir bundnu slitlagi en Norðurlandsvegurinn í héraðinu er 51,8 km. Ekkert verður lagt í sumar.

Jónas Snæbjörnsson sagði, að lagningu slitlags miðaði fyllilega í

samræmi við vegaáætlun. Samkvæmt henni ætti bundið slitlag í umdæminu að vera komið á allan Norðurlandsveginn árið 1990. Lítið er um bundið slitlag á öðrum vegum en sjálfum þjóðvegnum í umdæminu. Í Skagafirði hafa 19 km af Sauðárkróksbraut verið lagðir bundnu slitlagi og lagðir verða 3,6 km í sumar, auk þess sem 3 km af Siglufjarðarvegi eru með bundnu slitlagi. Í A-Húnavatnssýslu er aðeins 1,4 km af Skagastrandarvegi með bundnu slitlagi, annað ekki. Leggja á 800 metra til viðbótar á þann veg í sumar. Að þjóðvegnum fráöldum er hvergi bundið slitlag á vegum í V-Húnavatnssýslu.

Í Garðabæ 22.—24. júní:

Umdæmisþing Rotary

UMDÆMISÞING Rotary-hreyfingarinnar á Íslandi verður haldið í Garðabæ dagana 22.—24. júní nk. og er búist við að þingið sitji um 130 manns frá 24 Rotary-klúbbum á landinu. Rotary-klúbbur Garðabæjar sér um þinghaldið að þessu sinni og fer það fram í Safnadarheimili Garðabæjar.

Fulltrúi forseta Rotary International á þinginu verður Finninn Olof Söderström, en fulltrúi Rotary-klúbbanna á Norðurlöndum verður Norðmaðurinn Fredrik Marstrander. Þingið hefst kl. 9.30

á föstudag með formóti verðandi klúbbforseta og ritara, en lýkur með guðsþjónustu í Bessastaðakirkju kl. 11:00 á sunnudagsmorgun.

Sigurður Ólafsson, lyfsali, tekur við embætti umdæmisstjóra á þinginu af Ólafi E. Stefánssyni, búnaðarráðunauti. Í maí sl. sat Sigurður Ólafsson þing verðandi umdæmisstjóra Rotary International, en það var haldið í Boca Raton á Florida. Þingið sátu 1200 Rotary-félagar og konur þeirra.

(Fréttatilkynning.)



Sigurður Ólafsson, verðandi umdæmisstjóri Rotary-hreyfingarinnar á Íslandi, sést hér t.h. heilsa dr. Carlos Canseco, verðandi forseta Rotary International, en hann er frá Mexíkó. Myndin var tekin á fundi Rotary International í Boca Raton á Florida fyrir skömmu.

Tryggvi sýnir smámyndir á Mokka

TRYGGVI Ólafsson, listmálari, opnaði á þriðjudag sýningu á smámyndum á Mokka. Sýnir hann þar 22 akril-myndir á striga. Nefnir hann sýninguna „Smámyndir '83-'84“. Flestar þessara mynda hefur Tryggvi unnið út frá stærri verkum.

Tryggvi hefur búið í Kaupmannahöfn um árabíl og tekur þátt í sýningu listamannanna 10, sem sýna á Kjarvalsstöðum í tengslum við Listahátíð. Sýning Tryggva á Mokka verður opin í 3 vikur.

Gufubaðs- og nuddaðstaða

óskast fyrir
60 til 70 manna hóp



Stór hópur af fastagestum Gufubaðstofu Jónasar Halldórssonar sl. 25 ár, er nú „munaðarlaus“ eftir að Jónas, okkar siungi vinur, hefur beitt ellikerlingu fyrir sig og ákveðið að stjarna framvegis við sjálfan sig í staðinn fyrir okkur.

Við leitum því eftir framtíðarsamstarfi við góðan nuddara um rekstur nýs athvarfs frá streitu dagsins.

Skilyrði er að stofan „okkar annað heimili“ sé opin einungis okkur frá kl. 16—20 alla virka daga, kl. 08—20 á laugardögum og kl. 13—20 á sunnudögum.

Um getur verið að ræða starfandi gufubaðstofu, ef hún mætir ströngum kröfum hópsins um að vera heimilisleg og hlýleg.

Við erum einnig og ekki síður til viðtals um leigu eða kaup á húsnæði sem innréttað yrði samkvæmt okkar fyrirmælum.

Hér er um að ræða stórt framtíðarmál fyrir hópinn sem þarf að vera komið í höfn síðla sumars.

Peir sem áhuga hafa á slíku samstarfi eða geta boðið okkur uppá húsnæði til starfseminnar, hafið samband við Þorlák Pétursson í síma 17718, Guðlaug Bergmann í síma 45800 eða Ingva Hrafn Jónsson í síma 81560.

„VÖKVAFJÖÐRUNIN ER EINSTÖK“



Jón Þór Hannesson, kvikmyndagerðarmaður hjá Saga-Film: „**BX**inn er óvenju kraftmikill bíll — jafnvel sneggri en Saabinn, sem ég átti. Vökvaþjöldrunin er alveg einstök — hann haggast ekki í beygjum og bremsurnar eru sérstaklega góðar. Annars var konan enn hrifnari, hún hefur ekki fallið svona fyrir neinum — nema náttúrulega mér hérna um árið. Þeir hjá Citroën hafa greinilega tekið sig á.“

Citroën BX 16 TRS, með 1580 cm³ 92,5 hestafla bensínvél, kostar frá kr. 443.260.-



Globus LÁGMÚLI 5,
SÍMI 81555

CITROËN BX

OTTO POLK



Citroën BX 19 TRD, með 1905 cm³ 65 hestafla dísilvél kostar frá kr. 385.200.- til leigubílstjóra en frá kr. 505.000.- til almenningsnota. **Citroën BX** er með 4ra strokka vatnskældri vél, 5 girra kassa, framdrif, vökvaþjöldrun með hæðarstillingum og diskabremsur á öllum hjólum.